



# Haustsýning FÍM

Af óviðráðanlegum ástæðum verður þessi umsögn nokkuð síðbúin, en þannig hagar til hjá þeim, er þetta ritar, að ekki verður hægt að birta þessar línur, fyrr en eftir að sýningunni lýkur. Því verða þetta ekki tæmandi skrif og aðeins til að minnst lítills háttar á þessa sýningu, sem nú er haldin í fyrsta sinn í eigin húsakynnum FÍM, síðan hinn gamli og góði Listamannaskáli var niður rifinn og hvarf þar með úr mynd miðborgarinnar. Því miður.

FÍM-SALURINN er að Laugarnesvegi 112 og hefur því miður ekki verið mikið notaður að undanfögnu fyrir sýningar. Þar var að vísu sýning Kristjáns Davíðssonar á Listahátíð á síðastliðnu sumri, en síðan það var, hefur verið löng andakt. Þetta er mér lítt skiljanlegt, þar sem húsnæðið er vel fallið til smærri sýninga og staðsetning ekki sem verst. Bilastæði eru þarna í grennd, svo að ekkert virðist því til fyrirstöðu, að þarna megi reka hið áskjósanlegasta Galleri, ef vilji og dugnaður er fyrir hendi. Nú var ákveðið með mjög stuttum fyrirvara að halda hina hefðbundnu Haustsýningu FÍM í þessum nýja sal. En það er augljóst mál, að þetta sýningarpláss var ekki nægilegt til að hýsa venjulega Haustsýningu FÍM, en eins og sumir munu vita, hafa þær jafnan verið miklar umfangs og haft marga sýnendur, sem ekki hafa verið félagar í FÍM. Og eru þeir óteljandi, sem fyrst hafa komið verkum sínum á framfæri á þessum sýningum, sem hafa verið árlegur viðburður, svo lengi sem elstu menn muna. Hvað með það, þessari sýningu var mjög þröngur stakkur skorinn, og varð að bregða þeirri venju, að hver og einn, jafnt utanfélagsmenn sem innan, mættu senda verk sín til dómnefndar. Nú voru það aðeins félagsmenn, sem fengu tækifærið, og það mjög af skornum skammti. Verkin urðu að vera lítil og máttu heldur ekki vera mörg. Þrátt fyrir þessar takmarkanir tóku 26 listamenn þátt í þessari sýningu, og tala verka varð nær sjö tugum. Þarna var grafík, olíumálverk, vatnslitamyndir, steinleir, ál, teikningar, krita myndir og pastell. Öllu þessu tókst að koma fyrir í hinum nýja FÍM-sal, og virðist það kraftaverk í sjálfu sér.

## Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

EKKI verður með sanni sagt, að innviðir þessarar sýningar hafi verið veigamiklir eða sérlega sterkir, en þetta var eftirtektarverð og viðkunnleg sýning, sem hafði margt að bjóða. Félagar í FÍM sátu og unnu að þessari sýningu sjálfir (þóssuðu hana), og tel ég það vera mjög gott til að koma á nánari tengslum félagsmanna og láta hvern og einn finna, að hann er liður í samstarfi, sem er þess virði að stunda. Mér dettur í hug hinir ótrúlegu gömlu tímar, er við vorum stundum að skúra gamla listamannaskálann, rétt áður en opnað var, og þá var allt þússað og fint, þegar gestirnir komu. Það er annars önnur saga og gerðist á þeim tímum, er fólk reiknaði sér ekki tímakaup, fyrir hverja mínútu, er fór í menningarstúss. En hver veit nema þetta sé að koma aftur, nú þegar hinir vísu feður velferðar og öryggis finna fyrst þau ráð að skattleggja svo menninguna, að hún hlýtur að láta á sjá. Ef svo heldur fram sem horfir, verða íslenskir listamenn að taka það ráð að nota dillkakjöt og slátur til að gera verk sín. Þetta er engin fyndni. Ef svo verður farið með listamenn, að þeim verður gert ókleyft að afla sér efnis á viðunandi verði, er betra að fara í önnur lönd eða einfaldlega leggja upp laupana. Þá veit maður það, góðir hálsar, að klámrít og þess konar lesmál er óskattað, en litir í málverk hinn argasti auðvaldslúxus, sem af skal tekinn með jafnrétti borgaranna, en auðvitað eru listamenn hvorki borgarar né verkalyður. Þeir eru einfaldlega réttláusar skepnur, utanveltu í því þjóðfélagi, sem margir þeirra hafa stuðlað að að koma á fót. Þessi síðasta sending til þeirra, sem fást við menningu á þessu landi, er fullkomin ástæða til brottflutnings og bólbæna yfir landinu bláa. Þetta var nú ef til vill útdrúður, en það er ekki hægt að þegja, þegar slíkir hlutir gerast eins og nú á sér stað. Er ríkiskassinn svona aumur, að hann þurfi að ráðast

á öryggislausustu stétt þjóðfélagsins, sem ekki þekkir einu sinni á þær upphæðir, sem kastað er í hitt og þetta glingur þjóðfélagsins? Og hvað munar ríkissjóð um þá lággúrlegu upphæð, sem fer til litakaupa? Það var ekki vonum seinna, að við fengum sósíalisma til að smakka á.

En ég var að tala um Haustsýningu FÍM. Þar átti til dæmis Þórður Hall sérlega aðlaðandi grafík, Kjartan Guðjónsson snilldar teikningar, Jóhannes Geir nokkrar Pastelmyndir, Gunnar Örn eitt Portrett, Sigrún Guðjónsdóttir sérlega skemmtileg verk. Guðmundur Elíasson átti þarna eitt verk, sjaldséðir fuglar. Leifur Breiðfjörð sýndi á sér nýja hlið, sem ég man ekki eftir að hafa séð áður. Snorri Sveinn var einnig með ný verk og frábregðin því, sem áður var. Ragnar Kjartansson með hesta og portrett. Elías B. Halldórsson sýndi pastelmyndir. Eiríkur Smith átti þarna þrjár mjög duglega gerðar vatnslitamyndir, sama er að segja um Gunnlaug St. Gíslason, en myndir hans voru dálítið litlausar, en tækni í góðu lagi. Benedikt Gunnarsson sýndi bæði pastell og olíu. Ásgerður Búadóttir átti þarna tvö lítil verk, vefnaður í hennar anda. Fleiri væri hægt að telja, en ég lét þetta nægja að sinni. Í heild var skemmtilegt að sjá þessi litlu verk og hvernig þeim var fyrirkommið, en ég vonast til, að þetta húsnæði verði notað fyrir sýningar meir en verið hefur, og af því yrði nokkur bót fyrir FÍM. Enda ótvírætt hlutverk þess félags að hafa galleri í gangi, þar sem félagsmenn geta komið verkum sínum á framfæri, og ekki er það síður áriðandi, að félagsmenn kunni að hlúa að þessari eign sinni og láti hana ekki standa auða, svo að mánuðum skipti. Það kostar mikinn pening að eiga og reka slíkan stað, en ég er viss um, að það er hæðarleikur fyrir FÍM, ef aðeins vilji er fyrir hendi. Auðvitað tekur nokkurn tíma að vinna slíkum stað álit og stöðu í þjóðfélaginu, en það er trú mín, að það sé ekki ofviða svo fjölmönnum félagsskap, sem FÍM er orðinn. Jafnvel mætti taka aðeins meir upp í sig og fullyrða, að það sé enginn vandi, ef rétt er að farið. Um þetta verður framtíðin að dæma, og vonandi verður sá dómur félögum í FÍM í hag.

## Loftið aftur í gagnið

Um tíma hefur verið heldur lítið um að vera á hinum ágæta stað, Loftinu við Skólavörðustíg, enda Helgi okkar Einarsson farinn og annað fólk tekið við rekstrinum. Á sínum tíma vann Helgi ágætt og þarft starf í þágu myndlistarinnar með því að vera strangur í vali sýninga, og ekki verður annað sagt en að hann hafi vandað eins og kostur var á, meðan hann var á Loftinu, og ekki má gleyma þætti Bjargar Sverrisdóttur, sem var hans hægri hönd í þessum rekstri. Þess má geta til gamans, að Björg er alin upp við mikla myndlist á heimili foreldra sinna, og ég er ekki í neinum efa um, að það hefur haft sín áhrif til hins betra. Þannig geta legið þræðir í þær áttir, að af verði mikið gagn á stundum.

Nú að undanfögnu hefur starfsemin á Loftinu tekið nýjan fjörkipp, og þar er á ferð ungur listamaður með sína fyrstu sýningu, sem eingöngu samanstendur af teikningum og grafík. Hann heitir Vignir Jóhannsson, og ég man ekki eftir að hafa séð verk eftir hann opinberlega fyrr hér í borg. Þetta er því merkur áfangi í

ferli þessa unga manns, og hann kemst með sóma frá frumraun sinni. Þarna eru mjög snotur verk og bera þess vitni, að Vignir kann ýmislegt fyrir sér bæði í tækni og heilabrotum, ef svo mætti að orði kveða. Hann hefur að vísu nokkuð framandi titla á verkum sínum, en ég held það sé meira leikaraskapur en hárfín heimspeki.

Þessi fyrsta sýning Vignis Jóhannssonar er sérlega snotur og faguð. Vel frá öllu gengið og sjálfum verkunum vel fyrir komið. Á þessari sýningu eru 25 verk, og í sýningarskrá er mynd af listamanninum með regnhlíf, skegg og gleraugu. Ef til vill hefur þetta sinn tilgang, en ég held, að hér sé aftur um gamansemi að ræða fyrst og fremst. Ekki lengi ég mál mitt að sinni með að telja upp titla á þessum verkum, en því verður ekki neitað, að þeir eru svolítið einkennilegir, þegar maður setur þá í samband við myndirnar. Sum þessara verka eru meira en snotur, og ég held, að segja megi í sumum tilfellum, að vel sé farið með línuna í sjálfri teikningunni og að myndflöturinn sé notaður af kunnáttu. Þetta er hól fyrir ungan mann,

## Breti í Suðurgötu 7

Það stendur ekki á sýningunum í Suðurgötu 7. Þar hefur verið samfelld starfsemi í allt sumar, og nú er þar sýning á „Hlutlægum skáldskap“ eftir Bretann MICHAEL GIBBS, sem mun vera búsettur í Amsterdam, en eins og allir vita kemur okkur ýmislegt í myndlist þessa stundina úr þeirri borg. Michael Gibbs hefur haldið margar einkasýningar hér og þar og einnig tekið þátt í mörgum samsýningum. Hann er því enginn byrjandi í list sinni, en hún flokkast undir það, sem þeir kalla „Hlutlæg ljóð“, og Magnús Tómasson hefur haft forgöngu um þessa listgrein hér á landi, því að hann hefur oft en einu sinni ítrekað einmitt þetta hugtak í sambandi við myndverk sín.

Þarna í Galleri Suðurgötu 7 getur að líta hjá Bretanum

myndröð, gerða með ljósmyndavél, sem sýnir tímann í Amsterdam á vissum degi og víðsvegar um borgina. Þarna eru einnig bókasíður um alla vegg, og getur hver og einn gerst meðskapandi í því verki. Annað verk eru haustlauf á gólfi og áskrifuðum pappír hér og þar blandað í laufið. Þessi upp-  
talinng sýnir, að Gibbs er ekki við eina fjölinna felldur og tjáir hug sinn á margvíslegan hátt. En ekki hefði ég hreina samvisku, ef ég gerði það opinbert í þessum línunum, að ég hefði orðið fyrir ljóðrænum áhrifum af þessum verkum. Það er eins og hugsað sé mest um það nú á tímum að vera eins frumlegur og hægt er og eins langt frá því sem við vorum vanir að kalla myndlist hér á árunum, engu er kastað á glæ, allt skal það flokkast undir myndlist. Ég óa

